



# MINNINGAR FRÁ SÁL

II.

## Ása Helga Proppé Ragnarsdóttir

Hér kemur lítil saga frá SÁL ferðalagi okkar.

Við höfðum öll mismunandi verkefni með höndum, skiptum með okkur verkum.

Ég hafði það verkefni í rekstri skólans að sjá um að tala við menntamálaráðherra viðkomandi stjórnar og fá þá til að koma okkur inn á fjárlög. Þeir voru nokkrir í okkar valdatíð. Minnst ég einkum Villa frá Brekkur og Magnúsar Torfa. Á hverjum miðvikudegi var ég mætt í viðtal til þess að ýta á að við kæmumst inn á fjárlög, aftur og aftur þar til þeir fengu leið á mér og krossuðu við að við kæmumst inn á fjárlög.

Mér og Magnúsi Torfa varð vel til vana á þessu ferðalagi mínu en hann var hins vegar ekki jafn duglegur og Villi að segja já. Mér var farið að leiðast þetta þóf (hafði margt betra að gera í skóla okkar) og því ákvað ég að senda lag til Magnúsar Torfa í Lögum ungafólksins. Man ekki alveg hvað lagið heitir en ég valdi það vegna þess að þar segir:

„Ekkert svar, síminn hringir og hringir...“

Ég man vel þegar ég mætti næst til Magnúsar Torfa, þá þakkaði hann mér vel fyrir sendinguna/lagið sem honum hafði verið bent á að hann hafði fengið. Ekki síst þakkaði hann mér fyrir að hann væri talinn með unga fólkinu (lög unga fólksins)! Umsvifalaust setti hann okkur á fjárlög.

## Bjarni Ingvarsson

### SÁL skólinn

1. Hvernig gekk að framfleyta sér meðan á námi í SÁL skólanum stóð? Meðan á náminu stóð vann ég ýmis störf. Ég vann á sumrin í Blikksmiðjunni Vogu í Kópavoginum. Ég var þar á námssamningi í blikksmiði. Síðasta sumarið tók ég að mér búrekstur norður í Húnavatnssýslu. Einnig var ýmislegt sem rak á fjörunnar s.s. þakkaði páfagaukafóðri fyrir Gullfiskabúðina, vann sem barþjónn og fl.

2. Hvernig hefur námið í SÁL skólanum nýst? Ég er fæddur 1952 og alinn upp á sveitabæ, nánar tiltekið Eyjólfsstöðum í Vatnsdal, Austur Húnavatnssýslu. Þar bjuggu foreldrar mínir, þrjú systkini, afi minn og amma og ein móðursystir. Þar að auki voru alltaf nokkur börn og unglingar yfir sumartímann í sveitinni.

Frá því að ég var barn hafði ég mjög gaman að klæða mig í allskonar fatnað og gera skringilega hluti til þess að fá fólkið á heimilinu til að hlæja. Ef til vill er upphafið að því að ég er yngstur fjögurra systkina og höfðu þau gaman af að dubba litla bróðir upp í allskonar klæðnað og fara svo með mig til þeirra fullorðnu og sjá viðbrögð þeirra.

Á fyrstu árum ævi minnar var heldur fábrotið skemmtanalíf í sveitinni. Ekkert rafmagn var á bænum fyrr en ég var orðinn 9 ára. Útvarp var á heimilinu og var notast við stóra rafhlöðu til að keyra það. Það efni sem mér fannst skemmtilegast að hlusta á í útvarpinu voru útvarpsleikritin. Þau voru einnig mjög vinsæl af hinu heimilisfólkinu og iðulega var búið að gera klárt s.s. ljúka útiverkunum og borða kvöldmatinn áður en flutningur útvarpsleikritanna hófst. Við röðuðum okkur þá í kringum tækið og átti þar hver sitt sæi.

Sum framhaldsleikritin voru mjög spennandi og var með beðið með mikilli eftirvæntingu eftir næsta þætti. Oft sköpuðust umræður um hvernig þetta eða hitt myndi fara. Raddir leikaranna og nöfn voru okkur mjög kunnug og má segja að þeir hafi verið eins og hluti af heimilisfólkinu. Það var því við þessa stemningu sem ég ákvað að helst af öllu myndi ég vilja verða leikari þegar ég yrði stór. Ég var í grunnskóla á Reykjum í Hrótafirði. Í skólanum var heilmikið félagslíf og þar á meðal voru settar upp leiksýningar sem sýndar voru á árshátíðum skólans. Fengnir voru leikstjórar til að leikstýra leikritunum. Þarna í Reykjaskóla steig ég mín fyrstu skref á leiksviði og minnkaði ekki áhuginn á leiklistinni við það.

Ég fór til Reykjavíkur í stutta heimsókn eftir veru mína í Reykjaskóla og hafði þá komið þangað einu sinni áður. Þau áform mín að verða leikari voru á vitorði ýmissa í fjölskyldunni og þegar ég var komin til borgarinnar sagði einn fjölskylduvinur við mig að ég skyldi hringja í Guðlaug Rónsinkranz sem þá var Þjóðleikhússtjóri og spyrja hann um möguleika mína til að hefja nám í leiklist. Fjölskylduvinurinn sagðist kannast við Guðlaug og hann væri hinn þægilegasti maður að tala við. Ég hringdi í Guðlaug Rónsinkranz og tjáði hann mér að það væri hætt að taka nýja nemendur inn í leiklistarskólann. Það stæði til að stofna annan skóla en hann vissi ekki hvenær sá skóli yrði tilbúinn að taka inn nemendur.

Um haustið eftir að ég útskrifaðist frá Reykjaskóla fór ég í lðnskólann í Reykjavík og hóf nám í svokallaðri undirbúningsdeild. Eftir námið í undirbúningsdeildinni þurftu nemendur að ákveða hvaða iðngrein þeir hæfu nám í. Ég valdi blikksmiði en leiklistin var alltaf nálægt og ekkert bólaði á nýjum leiklistarskóla. Ég sótti leiksýningar leikhúsanna nokkuð stíft þennan fyrsta vetur í lðnskólanum. Á öðru árinu í lðnskólanum fór ég á samning hjá Blikksmiðjunni Vogu í Kópavogi og var líka í Leiklistarskóla Ævars Kvaran sem þá var aðallega um helgar. Nemendur í Leiklistarskóla Ævars fengu að fylgjast með æfingum í Þjóðleikúsinu þegar við höfðum tök á. Þetta fannst mér mikið ævintýri og mjög fróðlegt.

Starfsfélagar mínir í blikksmiðjunni vissu af þessum áhuga mínum á leikhúsi og einnig að ég væri í skólanum hjá Ævari Kvaran. Einn af þessum félögum mínum rakst á auglýsingu í blaði þar sem auglýst var að inntaka nýrra nemenda í Leiklistarskóla Samtaka áhugafólks um leiklistarmenntun, skammstafað SÁL, Ég beið ekki þaðanna og sótti um. Skólinn hafði verið starfræktur í einn vetur án þess að ég vissi af því. Ég var því í öðrum árgangi SÁL skólans. Eftir að ég hafði verið tvö ár í SÁL skólanum voru tveimur leiklistarskólum steipt saman, SÁL skólanum og Húsaskólanum og úr varð Leiklistarskóli Íslands. Ég útskrifaðist 12. júní 1977 úr Leiklistarskóla Íslands eftir fjögurra ára nám.

Fyrsta veturinn í SÁL var kennt á kvöldin og um helgar þannig að ég gat haldið áfram með blikksmiðanámið. Á öðru ári í SÁL skólanum vorum við í skólanum að degi til á virkum dögum og stundum um helgar. Ég varð því að semja við meistaran minn í blikksmiðjunni að breyta samningnum svo ég gæti sinnt leiklistinni. Það var auðfengið.

Námið í leiklistarskólanum var fjölþætt. Við kynntumst flestu því sem viðkemur vinnu í leikhúsi, leik, leikstjórn, leikmyndahönnun, ljósaönnun, handritagerð, búningagerð og fl. Þetta nám hefur gagnast mér á margvíslegan hátt, það er ekki spurning. Starfsvettvangurinn minn hefur verið mjög fjölbreyttur í gegnum tíðina.

Árið áður en ég útskrifaðist úr leiklistarskólanum var ég fengin ásamt öðrum nemendum skólans til að vera statistar leiksýningunni Þjóðníðingurinn eftir Henrik Ibsen sem sett var á svið í Þjóðleikhúsinu. Þetta fannst mér mjög skemmtilegt. Þarna fékk ég að kynna leikurum sem ég hafði heyrt leika í útvarpsleikritunum heima í sveit. Einnig var ég svo heppinn að fá að segja tvær setningar sem var bætt inn í sýninguna og því varla hægt að kalla mig statista eftir það. Ég saknaði þess mjög að fá aðeins í þetta eina skipti í öllu náminu í leiklistarskólanum að kynna og læra af reynsluboltunum í leikhúsinu. Ég kynnist þeim nokkru síðar. Árið fyrir útskrift lék ég einnig í íslenskri bíómynd, Morðsögu eftir Reynir Oddson. Það var mjög gefandi að kynna því að leika í bíómynd. Náminu í leiklistarskólanum lauk síðan með að við nemendurnir rákum nemendaleikhús. Í nem\_endaleikhúsinu settum við á svið einþáttungana Undantekningin og Reglan eftir Bertold Brecht og leikverkið Hlaupvídd sex eftir Sigurð Pálsson. Mitt fyrsta hlutverk eftir Leiklistarskólann var hjá áhugamannaleikhúsi, það var Kópavogsleikhúsið. Kópavogsleikhúsið hafði verið starfrækt í fjöldamörg ár og fékk oftast en ekki menntaða leikara til að taka þátt í sýningunum. Þarna í Kópavogsleikhúsinu fékk ég að spreyta mig á nokkuð stóru hlutverki og man ég ekki betur en þetta hafi allt gengið mjög vel. Þegar Alþýðuleikhúsið – sunnandeild var stofnað var ég einn af stofnendum þess. Ég lék í mörgum sýningum á vegum þess fyrstu árin s.s. Þældu í því, Við borgum ekki (á leikferð um landið), Stjórnleysingi ferst af slysförum, Don Kíkóti, Illum fengi, Kaffitár og frelsi og fl. Fyrsta var Alþýðuleikhúsið-sunnandeild í Lindarbæ og síðan innréttuðum við Hafnarbíó og opnuðum þar 300 manna leikhús.

Ég réð mig til Leikfélags Akureyrar 2002 og lék þarí tæp 2 ár. Hjá LA lék ég í Bréfberanum frá Arle, Atómstöðinni, Siggí var úti og Kardimommubænum. Þegar ég var á Akureyri leikstýrði ég einnig tveimur áhugamannasýningum, hjá Leikfélagi Dalvíkur og Leikfélagi Hríseyjar. Ég tók þátt í dagskrám sem settar voru upp í Sjallaum, var það skemmtileg reynsla.

Eftir dvölinna hjá Leikfélagi Akureyrar flutti ég aftur suður og fór í ýmis verkefni s.s. námskeiðahald í skólum og lék í sýningunni Kafítar og frelsi í Göte stofnuninni á vegum Alþýðuleikhússins. Í Garðaleikhúsinu lék ég í sýningunum Sæta-brauðsdrengnum, Litla Kláusi og Stóra Kláusi og Grænu lyftunni og voru þær sýndar í Gamla bíói, Austurbæjarbíó og skemmtistaðnum Broadway. Ég var með námskeið hjá áhugaleikfélaginu Hugleik. Eftir námskeiðið hjá Hugleik var ákveðið að setja á svið leiksýningu í fullri lengd. Ég átti síðan eftir að setja á svið nokkrar sýningar hjá Leikfélaginu Hugleik næstu árin.

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni hafði stofnað leikfélag 1990 og sett up eina sýningu. Þetta leikfélag hét Snúður og Snælda. Árið 1991 fengu þau mig til að vera með námskeið í leiklist og framsögn. Eftir námskeiðið var síðan ákveðið að setja á svið sýningu í fullri lengd. Félagið var með aðstöðu á Hverfisgötu 105 og þar var sýningin sett upp. Ég vann fyrir Snúð og Snældu í fjöldamörg ár og hélt mörg námskeið og setti á svið ca. 20 leiksýningar með þeim. Snúður og Snælda sýndi sínar leiksýningar á mörgum stöðum s.s. Hverfisgötu 105, Glæsibæ, lðnó, Stangarhyl 4, Hótel Örk í Hveragerði og ýmsum fleiri stöðum á leikferðum. Árið 2010, á tuttugu ára afmæli félagsins, gaf það út rit með upplýsingum um starf félagsins í 20 ár. Ég leikstýrði nokkrum sýningum hjá Leikfélagi Seltjarnarness og tvisvar hjá Menntaskólanum á Laugarvatni.

Ég stofnaði Möguleikhúsið ásamt Pétri Eggerz og Grétari Skúlasyni 1990 og sgtarfaði þar meira og minna í 18 ár. Starfsvettvangur minn hjá Möguleikhúsinu var að leika í ýmsum sýningum leikhússins, leikstýra, hanna og gera leikmyndir, lýsa leiksýningar, skrifa leikhandrit, sjá um fjármál leikhússins og margt fleira. Þegar þetta er ritað hefur saga Möguleikhússins ekki verið skrifuð en verður vonandi einhvern tímann gert svo merkileg finnst mér hún vera. Möguleikhúsið var leikhús sem lagði áherslu á sýningar fyrir börn og unglinga. Það hafði aðsetur í eigin húsnæði við Hlemmtorg. Þar mátti k oma 120 til 200 manns í sæti og á dýnur. Möguleikhúsið var einnig ferðaleikhús og sýndi þá í skólum og félagsheimilum um land allt. Algengt var að pantaðar voru sýningar eða dagskrár hjá Möguleikhúsinu sem fluttar voru við ýmis tækifæri s.s. á 17. júní, um verzlunarmannahelgina og við ýmis hátíðarhöld víða um land. Möguleikhúsið sá um jólasveina í Þjóðminjasafninu í fjölda mörg ár. Samstarf við aðra leikhópa bæði erlenda og innlenda var tölvvert stór þáttur í starfi Möguleikhúsins.

Ég var aðstoðarleikstjóri hjá Gríniðjunni þegar Bibba á Brávallagötunni var færð

á svið Gamla bíós. Ég hef leikið í nokkrum bíómyndum, útvarpsleikritum og talsetningum teiknimynda í gegnum tíðina. Starf minn við að leika jólasveina fyrir ýmsa aðila spannar rúma hálfu öld. Ég var formaður stjórnar rekstrarfélags Tjarnarbíós í eitt ár. Auk þess sem að framan greinir hef ég starfað við ýmislegt s.s. í banka, við smíðar, stofnað og rekið fyrirtæki og fl. Það er ekki vafi í mínum huga að námið í SÁL skólanum hefur nýst mér á ýmsa vegu ekki síst sökum þess hvað starfsferill minn hefur verið fjölbreyttur í gegnum tíðina.

## **Edda Guðmundsdóttir**

### **Ég var í SÁL**

Ég hafði kynnst leiklist hjá áhugafélagi á Selfossi og ætlaði að verða leikari. Og eftir að ég sá auglýsingu um væntanlega stofnun „Samtaka áhugafólks um leiklistarnám“ (SÁL) mætti ég á fundinn og aðra fundi um málefnið þar til markmiðinu um stofnun Leiklistarskóla SÁL var náð – þá hóf ég þar námið.

Fyrsta árið var skólinn á kvöldin, en varð síðan heilsdagsskóli. Ég naut þess að vera með fyrirvinnu og var þar með betur sett en margir aðrir sem lifðu nánast á áhuganum einum saman.

Þetta var allt skemmtilegt og tekið möjg alvarlega. Samkenndin milli nemenda var mikil, við urðum fljótt stór fjölskylda þar sem börn og makar voru með – svona á kantinum. Lýðræði var í skólanum og þess vegna margir og miklir fundir. Það þurfti að ráða kennara og framkvæmdastjóra, útbúa námskrá, hugsa um húsnæðið sem þurfti að mála og þrifa, hver átti að gera hvað og hvenær og það þurfti að útvega peninga. Nokkrir leigðu og bjuggu á Hótel Vík, æfingar voru á öllum tímum og þar kom að nemendur voru næstum alltaf á staðnum. Og það var fundað látlaust.

Við þurftum að hugsa um alla hluti sjálf, svo sem búningasam, ljós og annan sviðsbúnað og allt sem fylgir leiksýningug og fengum því innsýn í flest sem varð okkur mikil og góð reynsla. Námskráin var margbortin, við vildum læra sem flest, m.a. söng, förðun, lýsingu, líkamsrækt og skylmingar. Ég man eftir því með hvílíkar harðsperrur ég þurfti að ég þurfti að berja á mér kálfana. En þetta var svo gaman. Við æfðum oft langt fram eftir kvöldi; Vinnukonurnar eftir Jean Genet, Sköllóttu söngkonuna eftir Ionesco og verk eftir Pinter og fjöldan allan af senum og þáttum. Við spunnum í Svarta salnum á Hótel Vík milli þess að við fræddumst af frábærum kennurum sem við höfðum ráðið sjálf.

Við héldum ófá partí hvert hjá öðru, fórum í helgarferðir í bústað og vorum yfirleitt alltaf saman.

Svo mikill var áhuginn og alvaran og stressið að þegar við vorum eitt sinn með opið hús og fluttum Antígónu eftir Sófókles var spennan svo mikil að ég gleymdi að anda, sem varð til þess að ég var við það að falla í yfirlíð, orðin nokkuð þvoglumælt og sjónin farin að svikja mig (Margir gestanna töluðu reyndar um fantaleik). Þá heyrði ég í fjarska kennarann segja: „Við skulum nú taka okkur smá hlé“ og ég slapp við þá auðmýkingu að falla í yfirlíð frammi fyrir fyrstu gestunum – vegna spennu.

Margir voru eldri en venja var með leiklistarnema og voru búnir að gifta sig og eignast börn. Þessi börn fylgdu SÁL meira og minna allan tímann og fannst það æðislegt. Ég var ein af þeim eldri, komin yfir þrítugt og átti tvö börn.

Og vissulega gekk eftir það sem ég stefndi að. Ég varð leikari og hef unnið við það bæði fyrir sunnan og norðan, í leikhúsum, sjónvarpi og í kvikmyndum. En það sem mig óraði ekki fyrir, var hversu margar dyr þetta nám hefur opnað og hversu mikið það hefur gefið mér.

Ég fór að leika, leikstýra og kenna. Leiklist hefur fjölþætt notagildi, en mest um ert er hvað margar hindranir víkja en möguleikarnir blómstra. Þannig opnaðist mér leið að fólkinu hjá Sjálfsbjörg og þar fann ég marga frábæra leikara, setti upp nokkrar sýningar með þeim og lærði af þeim margt. Það eru fáir lausnamiðaðri en þetta fólk.

Ég kynnist heyrnarlausum þegar ég vann með þeim dagskrá á „Samnorrænni menningarhátíð heyrnarlausra“ í Þjóðleikhúsinu. Þar var teft fram töluðu máli og táknmáli, vel að merkja mismunandi táknmáli frá mismunandi löndum. Auk sjónræna hlutans á sviðinu, leik, búninga og ljós. Ég hafði verið með námskeið hjá Félagi heyrnarlausra, séð hvað þeim var eðlilegt að vera með látbragðsleik. Þau komu til dæmis vel til skila í þögulli spunaæfingu að þau væru stödd í risherbergi og það rigndi úti.

Eins var að vinna með konum sem voru að koma úr áfengismeðferð. Einstaklingur sem fer í meðferð þarf að breyta svo mörgu í lífinu sem tekur við að meðferð lokinni, og það þarf að æfa það. Þær tóku þessu glaðar og einu sinni í viku var spunatími þar sem þær spunnu t.d. heimkomuna, hinar léku þabbann eða mömmuna, kærastann eða vininn og þær æfðu sig í að standa með sér, fara í atvinnuviðtal, finna það á eigin skinni hvernig það er að segja orð sem þær eru ekki vanar eins og „nei“ eða „ég er alkóhólisti.“ Eða setja orð á kosti sína. Þetta jók þeim þor, öryggi og gleði.

Ég hef kynnst og unnið með fólki víða um land, sem ég hefði annars ekki gert, bæði sem leikari og leikstjóri þar sem fólk kemur áhugasamt til æfinga eftir vinnu og ég hef séð gleðina sem æfingarnar veita þeim og í fyllingu tímans sýningarnar – uppskeran sýnd.

Allt þetta og fleira kemur til mín af því að ég fór í nám hjá SÁL og síðar Leiklistarskóla Íslands.

## **Ingibjörg Briem**

Þegar ég tók að mér að annast framkvæmdastjórn Leiklistarskóla SÁL í hálfu starfi skólaárið 1974-75 var þriðja starfsár Sálaskólans að hefjast. Stóru leikhúsin, Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur, höfðu komið á fót nýjum leiklistarskóla sama haust, dagskóla eins og hjá efstu tveimur bekkjum Sálaskólans, til að knýja fastar á um stofnun ríkisleiklistarskóla. Nú biðu báðir skólanir eftir því að Alþingi veitti fé á fjárlögum til rekstur skólanna.

Að baki Húsaskólanum, eins og hann var kallaður, stóð þjóðþekkt fólk á sviði leiklistar. Sálaskólinn var því strax með stofnun hans kominn í erfiða samkeppnistöðu um opinberan fjárstuðning enda deginum ljósara að Húsaskólinn myndi njóta meiri velvildar opinberra aðila en Sálaskólinn sakir bakhjarla sinna. Aðstandendur Húsaskólans litu enda á hann sem fyrsta bekk ríkisleiklistarskólans sem beðið var eftir.

Loks var tilkynnt um fjárhæðina sem veitt yrði til leiklistarskóla á fjárlögum en henni var ekki skipt milli skólanna heldur var því verki vísað til nýs menntamálaráðherra, Vilhjálmur Hjálmarssonar. Þetta þótti okkur heldur óheppilegt í Sálaskólanum því nemendur höfðu farið í kynningar- og áróðursherferð niður í Alþingi, eins og árið áður, rætt við fjárveitinganefnd, afhent öllum tiltækum þingmönnum upplýsingablað um skólann og þar að auki skipt nemendum niður á þingmennina og haft tal af öllum þeim sem náðist í, en nýi ráðherrann var ekki þar á meðal.

Nemendum Sálaskólans þótti auðvitað eðlilegast að fjárveitingunni yrði skipt eftir fjölda nemenda í hvorum skólanum um sig og Sálaskólinn fengi því meirahluta fjársins eða að minnsta kosti helming. Þetta reyndist ofurbjartsýni eins og brátt kom í ljós. Vilhjálmur Hjálmarsson hafði lofað að taka ákvörðun mjög fljótlega en við gátum ekki beðið eftir því að hún yrði tilkynnt og því hrindi ég loksins niður í ráðuneyti og náði til af Vilhjálmum sem sagði að hann væri ekki búinn að ganga frá málinu en að fjárhæðin færi sennilega öll til Húsaskólans.

Þetta var reiðarslag! Mér tókst að halda Vilhjálmum í allt að klukkutíma í símanum til að reyna að fá hann til að skipta um skoðun. Ég útskýrði fyrir honum sögu og forsendur Sálaskólans og merkilegt starf hans. Að það væru þrír árgangar í skólanum, að öðrum og þriðja bekk yrði kennt allan daginn en fyrsti bekkur yrði í kvöldskóla, að ráðnir höfðu verið kennarar sem væru fagmenn á sviði leiklistar (enda réði Húsaskólinn svo sömu kennarana) og að leigt hefði verið heilt hótél, Hótél Vík, undir starfseminu. Þannig gerði ég minnt besta til að koma Vilhjálmum í



skilning um að Sálskólinn væri alvöru skóli sem væri að hefja sitt þriðja starfsár og að starfsemi hans væri mjög metnaðarfull. Benti honum líka á að skólinn ætti ótal vildarmenn úti í þjóðfélaginu og að nemendur myndu ekki taka því þegandi ef skólinn fengi ekkert og yrði að hætta mestallri starfsemi sinni.

Vilhjálmur hlustaði þolinmóður á þetta en sagði að lokum að við yrðum látin vita um niðurstöðuna þegar hann hefði tekið lokaákvörðun. Og svo kom tilkynningin neðan úr ráðuneyti: 10% til Sálskólans, 90% til Húsaskólans. Ekki var það björgulegt en þó betra en ekkert. Það átti líka eftir að koma sér vel að Vilhjálmur hafði þarna fengið rækilega kynningu á Sálskólanum. Reyndar er það svo, eins og sést á því sem eftir kemur, að þegar upp var staðið reyndist Vilhjálmur Hjálmarsson sannur vinur Sálskólans, einkum í sambandi við inngöngu nemenda skólans í ríkisleiklistarskólann.

Styrkurinn til skólans átti að greiðst út mánaðarlega og við eyrnamerktum hann launum kennaranna sem miðuðust við laun menntaskólakennara. Þar bættist við að nemendur Sálskólans, rúmlega fjörutíu talsins, greiddu skólagjöld Loks leigði skólinn út nokkur herbergi til ungs námsfólks og fór sú leiga meðal annars upp í leigu á hótelinu. Þetta voru tekjuliðir skólans og við gátum rétt marið reksturinn með mikilli sparsemi.

En kálið var ekki sopið þótt í ausuna væri komið.

Það gekk ekki alltaf greiðlega að fá styrkinn útborgaðann í lok hvers mánaðar. Knútur Hallson, fulltrúinn í menntamálaráðuneytinu sem átti að sjá um okkar mál, neitaði óvænt að greiða hann út fyrr en við hefðum skilað inn uppgjöri fyrir mánuðinn. Svanhildur Jóhannesdóttir (nemandi í 3. árgangi og gjörkunnug bókhaldi) hjálpaði mér að ganga frá milliuppgjöri í lok hvers mánaðar. Ég fór með það til Knúts sem var áfallt spjallsamur og hinn vinalegasti og kvaðst myndu sjá til þess að styrkurinn yrði greiddur út strax. Því miður dró hann það stundum á langinn. Það þýddi að við gátum ekki greitt kennurinum mánaðarlaun sín á réttum tíma sem var auðvitað mjög bagalegt fyrir þá. Þá var ekki um annað að ræða en að hafa samband við ráðherra og biðja hann um peningana.

Ekki veit ég af hverju Knútur var með þessa stæla við okkur. Hann var fulltrúi í menntamálaráðuneytinu sem þótti mikil virðingarstaða. Fróður maður og mjög menningarlega sinnaður. Sennilegasta ástæðan er vantrú á nemendum og aðferðum Sálskólans. Að baki Húsaskólanum stóð toppfólk úr leikhúselítunni og nemendur þess skóla voru valir með inntökuprófi úr fjölda umsækjenda. Sálskólinn var aftur á móti framtak fólks, að mestu ungmenna, sem hafði tekið sig saman og stofnað leiklistarskóla handa sjálfu sér þegar enginn slíkur skóli var lengur til, án þess að hafa þurft að sanna sig með hæfnismati leiklistarstofnunarinnar. Einungis ómæld vinna, dugnaður og metnaður hafði gert þeim

kleift að komast eins langt og raun bar vitni en það sem Knútur áttaði sig ekki á var að með nemendum og kennurum Sálskólans höfðu hafist nýir tímar í leiklistarkennslu á Íslandi.

En ekki er allt sem sýnist. Þegar ég hugleiddi afstöðu Knúst eftir útvarpsviðtal við Lísu Pálsdóttur í febrúar 2017 áttaði ég mig á því að hann hafði í raun gert okkur tvöfaldan greiða. Milliuppgjörin, sem hann krafði okkur um og sem okkur fundust merki um vantraust, sýndu og sönnuðu að Sálskólinn var vel rekinn og fjármálin í góðu lagi þótt fjárráðin væru lítil Engin óreiða þar. Auk þess fékk ég nokkur tækifæri til að ræða við Vilhjálmmur í síma þegar ég neyddist itl að leita til hans um greiðslu styrksins. Vilhjálmmur gaf sér jafnan tíma til að spyrja tíðinda úr skólanum. Ég gat þá sagt frá starfseminni og hversu vel hún gengi og einnig að við værum búin að skila Knúti uppgjöri fyrir mánuðinn en við fengjum ekki peningana. Hann hringdi þá í Knút og bað hann að ganga frá greiðslunni. Knúti gramdist við mig og eitt sinn sagði hann: „Það er óþarfi að ónáða ráðherra með svona lítilræði.“ En fyrir skólann voru þessir peningar ekki lítilræði heldur spurning um líf eða dauða.

Seinlæti Knúts varð því til þess að Vilhjálmmur var mjög vel inn í málum SÁL-skólans og gerði sér grein fyrir því að hann var rekinn af faglegum metnaði og heilindum. Þetta kom berlega í ljós þegar Vilhjálmmur kom á fund klukkan níu að morgni dags í ráðuneyti sínu þar sem ræða átti fyrstu frumvarpsdrögin að ríkisleiklistarskóla. Hann sá strax að þar vantaði einn aðilann að málinu. Knútur Hallsson hefur væntanlega samið frumvarpsdrögin í samráði við Vigdís Finnbogadóttur og Svein Einarsson enda voru þau öll mætt á fundinn en enginn frá okkur. Enginn hafði heldur sýnt okkur drögin eða sagt okkur frá þeim né boðað okkur á fundinn. Það er greinilegt að Vilhjálmi líkaði þetta ekki því að hann lét hringja eftir fulltrúa frá okkur niður í Sálskóla og setti ekki fundinn fyrr en við Svanhildur vorum mættar á hlaupum. Skiljanlega gátum við Svanhildur þó ekki tjáð okkur nema að litlu leyti um drögin á þessum fyrsta fundi af mörgum.

Það var þó strax ljóst að helsta deiluefnið yrði hverjir úr Sálskólanum fengju að fara beint inn í ríkisleiklistarskólann. Það lék ekki vafi á því að Húsaskólanemendurnir færu allir inn en Húsafólkið vildi að úr Sálskólanum yrðu valdir aðeins 8-12 nemendur, ekki fleiri. Endirinn varð þó að lokum sá að nemendur í dagskóla Sálskólans voru allir teknir beint inn í Leiklistarskóla Íslands en kennarar Sálskólans sáu um að velja 12 nemendur úr kvöldskólanum.

Úr frumvarpi til laga um Leiklistarskóla Íslands (Eftir 2. umr. i Nd., 12. maí):

„Ákvæði til bráðabirgða. Vegna þess að leiklistarkennsla hefur farið fram undan- farið á vegum tveggja aðila, annars vegar Leiklistarskóla leikhúsanna, hins vegar Leiklistarskóla Samtaka áhugafólks um leiklist[arnám] (SÁL), skulu nemendur

við þessa skóla, sem kjósa að halda áfram námi sínu í Leiklistarskóla Íslands, eiga rétt á því. Ber í því sambandi að taka tillit til þess náms, sem nemandi hefur þegar lokið í skóla sínum, og hvort hann hefur staðist þar hæfnismat. Ráðherra getur sett nánari reglur um þetta efni og á um það úrskurðarvald.“

Við þetta mátti Sálskólinn vel una.

(Svanhildur Jóhannesdóttir las yfir)

## **Viðbót Svanhildar**

Pétur Einarsson var ráðinn skólastjóri hins nýja Leiklistarskóla Íslands. Í upphafi vissi hann varla hvernig ætti að raða öllum þessum nemendum inn í skólann og skyldi engan furða. Mér var hins vegar alveg ljóst hvernig ætti að gera þetta og bauðst til að undirbúa málið. Fyrst voru teknar allar stundaskrár allra árganga beggja skólanna og upplýsingar um lengd skólaársins. Svo var einfaldlega reiknað út hve margar kennslustundir hver bekkur hefði fengið í hverju fagi fyrir sig og þar með hve langt hver bekkur teldist kominn í námi.

Niðurstaðan varð sú að nemendur í dagskóla Sálskólans fóru í 4. bekk og 3. bekk Leiklistarskóla Íslands, nemendur í kvöldskóla SÁL og nemendur Húsaskólans fóru í 2. bekk en nemendur kvöldskóla SÁL töldust vera komnir skemur á veg en nemendur Húsaskólans.

## **Margrét Bóasdóttir**

### **Tónlistarkennsla í 1. bekk leiklistarskóla SÁL veturinn 1974-1975**

Haustið 1974 var ég að hefja lokaár náms míns í tveimur skólum; Tónlistarskól-  
anum í Reykjavík í tónmenntakennaradeild og Tónlistarskólanum í Kópavogi í  
einsöngsnámi. Auk þess söng ég í kór og kenndi í forskóla Barnamúsíkskólans.  
Þá fékk ég símtal; ég man ekki lengur frá hverjum, en erindi ð var frá nemend-  
um sem stunduðu nám á fyrsta ári í SÁL leiklistarskólanum, sem áhugafólk um  
nám í leiklist hafði sjálfs stofnað og starfrækti. Þau spurðu hvort ég vildi kenna  
þeim tónlist þennan vetur.

Ég varð svo hissa, að í staðinn fyrir að segja strax nei, spurði ég þau hvað þau  
hefðu hugsað sér, hvað þau vildu læra í tónlist og af hverju þau hefðu hringt í mig.  
Ég man heldur ekki hver hafði lagt til mitt nafn, en svörin voru um það bil þau að  
ég mætti alveg ráða því hvað ég kenndi þeim; þau væru áhugasöm um allt. Mér  
fannst þetta einhvern veginn svo spennandi að mega kenna þeim alveg eftir mínu

höfði og þeirra áhuga, mér fannst hópurinn svo orkumikill og opinn fyrir nýjungum og það kitlaði mig auðvitað að vera spurð; ég var jú ennþá nemandi.

Kennslan hófst; kennt var þar sem hét Hótel Vík. Við hittumst einu sinni í viku, á laugardögum og hópurinn var rúmlega 20 manns. Námsefnið var allt frá því að kenna þeim nótnanöfnin og að klappa í takt, til brota úr tónlistarsögu heimsins, hlustun á tónverk og raddpróf. Ég á minningu um að þau komu eitt og eitt heim til mín í virðulegt raddpróf þar sem sungnir voru skalar og æfingar og gefin umsögn um rödd þerra og tónvísi. Síðar höfum við sum rifjað þetta upp, því meðal nemenda var m.a. Sigrún Hjálmtýsdóttir, sem þarna kom í raddpróf til mín. Um veturinn lærðu þau m.a. keðjusöngva og hreyfisöngva og það var í raun alveg sama hvað ég kom með, þau tóku við öllu með gleði og krafti. Þau tóku skyndipróf og fengu í lokin skriflega umsögn og sennilega einkunn í tölustöfum, ég man það þó ekki.

Eitt af því minnisstæðasta frá þessum vetri var að við ákváðum að hlusta á brot af völdum klassískum tónverkum. Þá þurfti stærra húsnæði og góð hljómflutningstæki og Tinna Gunnlaugsdóttir bauð okkur heim í sín foreldrahús þar sem við flatmöguðum á stofugólfinu og ég kynnti og spilaði fyrir þau brot úr Messías, sínfóníum Beethovens og fleiri stórvirkjum tónbókmenntanna.

Um vorið útskrifaðist ég með burtfararprófi í einsöng frá Tónlistarskóla Kópavogs. Á tónleika mætti fjöldi úr SÁL bekknum með stóran blómvönd. Alla tíð síðan vináttan lifað með mér og þessum hóp. Hópurinn var að mínu mati einstakur; hæfileikar og ástríða einkenndu hann og svo var þetta fyrirkomulag; að þau höfðu sjálf tekið ábyrgð á þessu námsferli, þau greiddu námskostnað og þau réðu mestu um það hvað var kennt og hvernig.

## **Minningar frá SÁL - II:**

Ása Helga Proppé Ragnarsdóttir  
Bjarni Ingvarsson  
Edda Guðmundsdóttir  
Ingibjörg Briem  
Margrét Bóasdóttir  
Svanhildur Jóhannesdóttir